

**Sp.**

## **745. Tillaga til þingsályktunar**

um rannsókn á frávikningu starfsmanns í þjónustu ríkisins.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka ástæðurnar fyrir því, að Einari M. Einarssyni skipherra á Ægi var vikið frá starfi, og ásakanir þær, sem bornar hafa verið fram í þessu sambandi á hendur þeim ráðherra, sem hlut átti að máli.

### **Greinargerð.**

Einar M. Einarsson hefur sent Alþingi ýtarlega greinargerð um þetta mál, þar sem bornar eru fram svo þungar ásakanir, að ósæmilegt er, að ekki sé rannsakað til hlítar, á hve miklum rökum þær eru reistar. Í álitinu þessu segir Einar M. Einarsson m. a.:

Á bls. 2: „Eftir því, sem Pálmi Loftsson forstjóri talaði oftast við mig um að víkja af „Ægi“, varð sókn hans ákveðnari og harðvítugri, og loks þegar ég aftók með öllu að fara af skipinu í kyrrþey, t. d. með því, eins og forstjórinn ráðlagði mér, að látast vera veikur, eða biðja um tveggja til þriggja mánaða fri, hafði hann í hótunum við mig, meðal annars með því að stöðva launagreiðslu til mín o. fl.“

Á bls. 20: „Hiin 20. desember 1939 átti ég símasamtal við herra alþingismann Jónas Jónsson. Snerist samtalið um frávikningu mína úr skipherrastöðu á varðskipinu „Ægi“. Vék hann meðal annars að tilefninu til þeirrar ráðstöfunar og sagði, að mér hlyti að vera það ljóst, að „framkoma þeirra“ — eins og hann sagði orðrött — gagnvart mér stafaði af því einu, að ég hefði ekki viljað láta nóg í flokkssjóð þeirra af mínum háu launum. Með orðinu „þeirra“ á síðari staðnum, getur þar sem alkunnugt er, í hvaða stjórn mála flokki Jónas Jónsson er, ekki verið átt við aðra en fram-sóknarflokksmenn.“